

## 67. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 25. október 2016

### Fundargerð

#### Fundurinn haldinn hjá Austurbrú á Egilsstöðum kl. 14:00-16:00

Mættir stjórnarmenn á staðnum: Sveinn Jónsson (SJ), Sigrún Blöndal (SB), Gauti Jóhannesson (GJ)

Mættir stjórnarmenn í síma: Sæunn Stefánsdóttir (SS), Jón Björn Hákonarson (JBH)

Fjarverandi en afboðaði sig: Margrét Guðjónsdóttir (MG)

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÐ) sem ritaði fundargerð.

#### Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 66
2. Erindi um opinn fund um sjókvíaeldi
3. Fundargerð haustfundar Kvasis
4. Orkuskipti – drög að verkefni
5. Ályktanir SSA 2016
6. Mannauðsmál
7. Samráðsvettvangar framundan
8. Önnur mál

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna

**1. Staðfesting fundargerðar nr. 66**

Stjórn staðfestir fundargerðir nr. 66.

**2. Erindi um opinn fund um sjókvíaeldi**

Erindið lagt fram til kynningar.

**3. Fundargerð haustfundar Kvasis**

JÁÐ fór yfir fundargerð og þau málefni sem eru efst á baugi í þessum málaflokki.

**4. Orkuskipti – drög að verkefni**

Jón Björn fór yfir forsendur og innviði verkefnisins. Jón Steinar verkefnisstjóri verkefnisins mætti inn á fund til að fara yfir þá umræðuna sem átt hefur sér stað í aðdraganda þess.

Stjórn samþykkir að framkvæmdastjóra og verkefnisstjóra verði falið að rita erindi til mögulegra samstarfsaðila til formlegrar þátttöku í verkefninu.

**5. Ályktanir SSA 2016**

Lagt fram til kynningar og JÁÐ for yfir hvaða ályktanir snerta starfssvið Austurbrúar. Stjórn sammála því fjölmörg atriði snerta Austurbrú og mikilvægt að forgangsriðun og forsendur séu skýrar gagnvart vinnu við þau verkefni sem þarna koma fram.

**6. Mannauðsmál**

JÁÐ fór yfir stöðu mála en auglýst er nú eftir starfsmönnum á Egilsstöðum og Reyðarfirði með áherslu á símenntun í stað þeirra sem eru á leið í barneignarleyfi eða til annarra starfa.

Jón Björn þurfti að yfirgefa fundinn undir þessum lið og tók varaformaðurinn Sæunn við stjórn fundarins.

## 7. Samráðsvettvangar framundan

JÁÐ fór yfir dagsetningar framundan vegna samráðsvettvanga og funda tengt ýmsum verkefnum og áherslum.

## 8. Önnur mál

Engin önnur mál

Næsti stjórnarfundur er 22. nóvember á Reyðarfirði.

Fundi slitið kl. 15:40

---

Jón Björn Hákonarson

---

Sigrún Blöndal

---

Sveinn Jónsson

---

Gauti Jóhannsson

---

Sæunn Stefánsdóttir